

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík 15. október 2018
UST201803-079/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing- Aðalskipulag Vesturbyggðar.

Vísað er til erindis Vesturbyggðar er barst 6.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og vill minna á eftirfarandi atriði.

Umhverfisstofnun vill benda á að fjölmörg svæði eru innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjasrá eða teljast til svæða sem njóta sérstakrar verndar og falla undir 61. gr, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft verður til ofangreinda þátta þegar áætlun um landnotkun sveitarfélagsins er ákveðin.

Umhverfisstofnun vill benda á að Látrabjarg er í friðlýsingarferli og leggur til að við aðalskipulagsgerðina verður tekið tillit til þess

Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja.

Umhverfisstofnun vill benda á að lög um náttúruvernd nr. 44/1999 hafa verið feld úr gildi og í stað þeirra komið lög nr. 60/2013 lög um náttúruvernd.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og að mikilvægt er að sveitarfélagið gerir grein fyrir magni og innihaldi fráveitu, efnasamsetningu og ástandi viðtaka í skipulagsáætluninni. Einnig er að mati stofnunarinnar mikilvægt að markmið um úrbætur fráveitu séu tímasettar.

Loftlagsmál

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Meðhöndlun úrgangs

Umhverfisstofnun vill benda á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.


Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur